

RAGNHILDUR ZOEGA

## STYRKIR Í FULLORÐINSFRÆÐSLU MARGS KONAR TÆKIFÆRI Í EVRÓPSKU OG NORRÆNU SAMSTARFI



Ragnhildur Zoega

**Menntaáætlanir Evrópusambandsins og Norrænu ráðherranefndarinnar bjóða margs konar styrki til einstaklinga og stofnana á sviði fullorðinsfræðslu. Markmið þessarar greinar er að segja frá því helsta sem áætlanirnar bjóða en nánari útlistun, svo sem um styrkuppþæðir og umsóknarfresti, er að finna á vefjum áætlananna, lme.is og nordplus.is.**

### GRUNDTVIG – ÞAÐ ER ALLTAF RÉTTUR TÍMI TIL AÐ LÆRA

Grundtvig er einn af fjórum flokkum menntaáætlunar Evrópusambandsins sem styrkir menntun á öllum aldurstigum. Grundtvig styrkir eru

margs konar verkefnastyrkir og einstaklingsstyrkir sem veittir eru kennurum og starfsmönnum í fullorðinsfræðslu. Markmiðið með styrkjunum er að ná til þeirra hópa fullorðinna sem minni menntun hafa.

Fjárframlög til Grundtvig hafa hækkað talsvert á undanförrum árum og er því hægt að styrkja stöðugt fleiri samstarfsverkefni og sífellt fleiri kennara til símenntunar. Einnig hafa margs konar spennandi verkefnaflokkar bæst við, til dæmis vinnustofur fyrir nemendur í fullorðinsfræðslu, sjálfboðaliðar 50 ára og eldri og aðstoðarkennsla fyrir verðandi og starfandi fullorðinsfræðslukennara.

Þeir hópar sem njóta forgangs eru félagslega og fjárhagslega vanbúnir einstaklingar, fullorðnir án grunnmenntunar, eldri borgarar, öryrkjar, minnihlutahópar og jaðarhópar hvers konar, til dæmis hvað varðar menningu og tungumál.

Hér verður greint frá þeim styrkjaflokkum sem eru í boði innan Grundtvig flokksins:

**Samstarfsverkefni (e. Learning partnership)** byggja á samstarfi minnst þriggja landa. Viðfangsefnin geta verið margs konar en eiga það þó sammerkt að styrkja fullorðna í námi og veita ný tækifæri á því sviði. Styrkir eru einkum veittir til fundarferða með það að markmiði að starfsfólk í fullorðinsfræðslu deili góðum starfsháttum og að verkefni leiði til nýrra aðferða. Meðalfjárhæð styrkja er um 18.000 evrur en þá er miðað við 12 ferðir á tveimur árum. Verkefni sem hlotið hafa styrki hér á landi eru til dæmis styrking ungs blinds fólks

á vinnumarkaði þegar skóla lýkur (Blindrafélagið) og aukin atvinnuþátttaka kvenna í dreifbýli (Menntasmiðja kvenna).

**Endurmenntun/þjálfun fullorðinsfræðslukennara í Evrópu** í eina til sex vikur. Kennarar finna sér námskeið eða ráðstefnur í sínu fagi. Á síðastliðnu ári var hægt að styrkja um 20 manns til að sækja endurmenntun á fjölþjóðlegum námskeiðum í Evrópu. Flestir dvelja í viku. Einnig nýtur vaxandi vinsælda að fara og fylgjast með starfi evrópskra fullorðinsfræðslustofnana. Umsóknir þurfa að berast að minnsta kosti fjórum mánuðum áður en námskeið er haldið.

**Grundtvig aðstoðarkennarar.** Verðandi kennarar eða starfandi fullorðinsfræðslukennarar fá uppihaldsstyrki til að vinna við fullorðinsfræðslustofnanir í Evrópu í þrjá til átta mánuði. Umsækjendur finna sér skóla eða stofnun til að vinna við og aðilar komast að samkomulagi um vinnutíma og tímabil. Þetta er kjörin leið fyrir fullorðinsfræðslustofnanir til að fá styrki til þess að standa straum af kostnaði vegna erlendra aðstoðarkennara og ekki síður skemmtilegur vettvangur fyrir kennara og verðandi kennara að kynnast náið starfi í fullorðinsfræðslu í Evrópu.

**Grundtvig vinnustofa** er nýjung með það markmið að styrkja nemendur í fullorðinsfræðslu. Gefin er út handbók með öllum þeim vinnustofum sem standa til boða og er hægt að sækja um að komast á vinnustofu beint til námskeiðshaldara sem síðan styrkir námskeiðsgesti til þátttöku með ferða- og uppihaldsstyrkjum. Handbókina er að finna á vefnum Grundtvig.is. Þá er einnig hægt að sækja um styrk til að halda vinnustofu í nánast hverri þeirri námsgrein sem fullorðnir nemendur geta haft áhuga á. Sem dæmi má nefna tvær vinnustofur sem haldnar hafa verið hér á landi:

Árið 2009, Intercultural Iceland: Intercultural competence in a new environment.

Árið 2010, Félag um menntasmiðjur: The Web of life – cultural roots and personal dreams.

Á hvorri vinnustofu um sig voru 10 evrópskir þátttakendur frá að minnsta kosti þremur löndum.

**Grundtvig, fullorðnir sjálfbóðaliðar.** Fullorðinsfræðslustofnanir frá tveimur Evrópulöndum setja af stað verkefni til tveggja ára sem fela í sér verkefnavinnu og sjálfsbóðaliðaskipti þátttakenda 50 ára og eldri í minnst þrjár vikur. Tvö verkefni hafa verið styrkt í þessum flokki og snúa þau bæði að vinnu við umhverfismál.

Árið 2009: Umhverfisstofnun – Senior Volunteering in Environment and Nature.

Árið 2010: SEEDS Iceland (SEE beyonD borderS). Senior eco-action.

Þá eru veittir undirbúningsstyrkir til fundaðferða til að koma á verkefnum með samstarfsaðilum eða til þess að sækja tengslaráðstefnur í Evrópu. Þessar ráðstefnur eru auglýstar á heimasíðu okkar og eru í raun mjög góð leið til að fara af stað með verkefni í fullorðinsfræðslu.

Sótt er beint til framkvæmdastjórnarinnar í Brussel um styrki til stærri verkefna.

**Þróun nýs námsefnis og námskeiða fyrir kennara og nemendur í fullorðinsfræðslu.** Samstarfsverkefni byggja á samstarfi að minnsta kosti þriggja stofnana frá jafnmörgum Evrópulöndum á sviði fullorðinsfræðslu.

Grundtvig net byggir á samstarfi að minnsta kosti sex landa þar sem skapaður er vettvangur fyrir hugmyndir um mikilvægi fullorðinsfræðslu og miðlun á niðurstöðum verkefna. Þátttaka í þessum stærri verkefnum Grundtvig hefur verið fremur dræm hér á landi.

**Leonardo da Vinci – styrkir fyrir hvers konar starfsmenntun**

Hugvit og nýsköpun eru í forgrunni Leonardo áætlunarinnar. Innan áætlunarinnar er bæði gömlum og nýjum hugmyndum fundinn farvegur en áætluninni er ætlað tvíþætt hlutverk; annars vegar að geta af sér nýjungar í starfsmenntun, og eru veittir stærri verkefnastykir til þannig framkvæmda, og hins vegar að veita nemendum í iðn- og

starfsnámi og fólki á vinnumarkaði tækifæri til að afla sér reynslu og þekkingar innan síns fagsviðs í rúmlega 30 Evrópulöndum, og er hægt að sækja um styrki til námsferða í slíkum tilgangi.

Öll verkefni sem Leonardó áætlunin styður þurfa að falla að einu eða fleiri eftirtalinnna markmiða:

Að styðja einstaklinga til þátttöku í sí- og endurmenntun sem miðar að því að auka kunnáttu og færni og efla persónulega hæfni þeirra.

Að efla gæði og styðja við nýsköpun í starfsmenntun innan fræðslu- og menntastofnana og í vinnustaðanámi.

Að auka aðdráttarafl starfsmenntunar og starfsþjálfunar meðal atvinnurekenda og einstaklinga og greiða fyrir námsferðum nemenda í starfsþjálfun.

Verkefnin sem Leonardó áætlunin styrkir eiga að koma fólki á vinnumarkaði eða ungu fólki á leið á vinnumarkað til góða, auk þess að efla samstarf skóla, annarra fræðslustofnana og atvinnulífs.

Fyrir umsækjendur er gott að hafa í huga að umsóknarferlið tekur nokkra mánuði. Verkefni hefjast að jafnaði um sex mánuðum eftir að sótt er um styrki til þeirra. Sjá nánar á vefjunum Grundtvig.is og Leonardo.is.

**Nordplus menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar**

Menntaáætlunin Nordplus nær til allra menntunarstiga. Þau lönd sem taka þátt eru Danmörk, Eistland, Finnland, Ísland, Lettland, Litháen, Noregur og Svíþjóð. Menntaáætlun Nordplus samanstendur af fjórum þáttum og innan hvers þeirra eru veittir styrkir út frá ákveðnum meginmarkmiðum og áherslum fyrir komandi starfsár.

Nordplus Junior styrkir kennara og starfsfólk leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Nordplus fyrir háskólastigið styrkir verkefni á háskólastigi.

Nordplus Voksen styrkir námsferðir og verkefni á sviði fullorðinsfræðslu.

Nordplus Horisontal styrkir verkefni sem fara þvert á undirátlanir eða tengja tvær eða fleiri áætlanir Nordplus.

Einnig fellur áætlunin Nordplus sprog og kultur (aðeins Norðurlöndin) undir Nordplus menntaáætlunina en hún styrkir hvers konar tungumálaverkefni á milli norrænu landanna.

Nordplus Voksen er, eins og nafnið segir til um, áætlun á sviði fullorðinsfræðslu og miðar að því að efla:

- Grunnfærni fullorðinna, lestur, skrift, reikningskunnáttu, tölvu-, og tungumálafærni hjá innflytjendum og minnihlutahópum í norrænum tungumálum og tungumálum Eystrasaltslanda, ásamt færni í öðru tungumáli í gístillandi.
- Viðurkenningu og mat á raunfærni, þróun verkfæra og aðferða til að skrá starfsfærni, formlegt og óformlegt nám.
- Þróun nútímasamfélags með áherslur á loftslagsmál og umhverfi en einnig frumkvöðlastarfsemi eða svipaða starfsemi. Einnig er hægt að leita styrkja fyrir þennan geira í Nordplus Horisontal og Nordplus sprog ef það á við.
- Félagslega samþættingu í menntamálum, með því að bæta aðgengi og framboð í fullorðinsfræðslu. Sérstök áhersla er lögð á að ná til landsbyggðarfólks og að fjölga tækifærum til að hefja nám að nýju.
- Samspil fyrirtækja og fullorðinsfræðlustofnana í þjálfun og menntun fullorðinna námsmanna. Umsóknir sem virkja þjóðfélagshópa sem minna mega sín í samfélaginu njóta forgangs sem og nýir umsækjendur/nýtt samstarf.

Styrkir eru veittir til ýmissa ferða- og samstarfsverkefna og árlega eru veittar níu milljónir danskra króna til Nordplus Voksen málaflokksins. Hægt er að sækja um styrk til ólíkra verkefnaflokka:

Þemanet, þróunarverkefni og skráningarverkefni/stöðumat (kortlægningsprojekter).

Ferðastyrkir eru veittir til fullorðinsfræðslukennara, stjórnenda, nemenda og þátttakenda á námskeiðum.

Undirbúningsheimsóknir kennara og stjórnenda til að koma af stað verkefnum.

Endurmenntun, námsheimsóknir kennara og stjórnenda. Nemendaskipti í endur- og símenntun.

Umsóknarfrestir eru að jafnaði í byrjun mars í Nordplus. Huga þarf að samstarfi í tíma þar sem um sameiginlegar umsóknir er að ræða. Landsskrifstofa veitir aðstoð og upplýsingar um hvernig hægt er að fara af stað með verkefni.

Mjög fjölbreytileg fullorðinsfræðsluverkefni hafa verið styrkt af Nordplus en möguleikarnir eru langt frá því að vera fullnýttir. Sjá nánar á vef Nordplus.is.

## UM HÖFUNDINN

Ragnhildur Zoega er verkefnisstjóri Grundtvig, Nordplus Voksen.